

## Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um sjávarflóð og sjávarrof.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Liggur fyrir mat á líkum eða hættu á sjávarflóðum og sjávarrofi við strendur landsins, og ef svo er, hve langt er síðan slíkt mat var gert?
2. Telur ráðherra að tilefni sé til að endurmeta hættu á sjávarflóðum og sjávarrofi á landsvísi og taka inn í það fleiri þætti en hafa haft vægi hingað til?
3. Eru líkindi á sjávarflóðum og sjávarrofi meðal forsendna fyrir skipulagsstefnu og skipulagi alls staðar á landinu og hvernig er í aðalatriðum brugðist við þessum atriðum í skipulagi?
4. Hvar á landinu er byggð talin stafa mest hættu af sjávarflóðum og sjávarrofi?
5. Hefur verið brugðist við ábendingum um sjávarflóð sem fram koma í skýrslu almanna-  
varnadeildar ríkislögreglustjóra, *Ahættuskoðun almannavarna*, frá 2011 og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.